



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 15.03.2022 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Guðjón Magnússon og Þorbjörg Ólög Jónsdóttir

Dagskrá

- **Síðasta fundargerð**
- **Innsent erindi frá Fimleikadeild Hattar**
- **Lottó umræður um skiptingu**
- **Sambandsþing 2022**
- **Önnur mál**

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

Innsent erindi frá foreldrum iðkenda í 1.flokki mix hjá Hetti

Sótt er um styrk vegna keppnisferða á Norðurlandamót unglina í hóp fimleikum sem haldið verður í Danmörku 09.04.2022. Hópurinn er fyrsti hópurinn af landsbyggðinni sem vinnur sér inn þátttökurétt á þessu móti. Það eru 15 þátttakendur að fara og er ferðakostnaður um 4.8 milljónir á hópinn. Ákveðið er að styrkja hópinn um 450.000 kr.

Skipting á Lottó tekjum

Gassi fer yfir hvernig Lottó greiðslum UÍA er úthlutað en skiptingin er núna þannig:

- 10% fer í afrekssjóð UÍA
- 50% fer beint til UÍA
- 40% fer til aðildafélaga UÍA

Skiptingin hjá nokkrum öðrum sambandsfélögum var einnig skoðuð. Ákveðið er að endurskoða þessa skiptingu og mun stjórn leggja fram breytingatillögu fyrir næsta sambandsþing. Stefnt er að því að samþykka breytingartillöguna á næsta stjórnarfundum.

Sambandsþing UÍA 2022

Stefnt er að því að hafa sambandsþing UÍA sunnudaginn 24.04 á Seyðisfirði. Stefnt er að því að þingið hefjist klukkan 11:00. Gassi sendir út fyrsta þingboð til aðildafélaganna fyrir 24.03

Önnur mál

Á næsta fundi þarf að fara yfir það hvort það eru einhverjar reglugerðarbreytingar sem þarf að gera fyrir þing.

Í fundarboði fyrir sambandsþing þarf að óska eftir tilnefningum fyrir kjör á íþróttamanni UÍA

Hermannsbikarinn – finna þarf tilnefningar fyrir þann bikar

Næsti fundur verður fimmtudaginn 05.04 kl. 17:00

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir